

# Stofnanasamningur

milli Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu) og Félags opinberra starfsmanna á Suðurlands (FOSS), skv. ákvæðum kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra, dags. 1. september 2013.

## 1. Gildissvið

Samningur þessi tekur til þeirra félagsmanna FOSS sem starfa hjá FSu. Samningur þessi er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra dags. 17. mars 2005, með síðari breytingum.

## 2. Skilgreining starfsheita og röðun í launaflokka

Við röðun í launaflokka skal fyrst og fremst miða við viðvarandi og stöðugt verksvið þannig að við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í samræmi við það. Eftirfarandi launaflokkar skulu vera grunnröðun fyrir hvert starfsheiti.

### 2.1. Starfsheiti og launaflokkur

Stuðningsfulltrúi	Launaflokkur 9
Vaktmaður	Launaflokkur 8
Húsbóndi/húsfreyja á Nemendagörðunum	Launaflokkur 9
Vaktmaður í Iðu	Launaflokkur 10
Matráðskona	Launaflokkur 10
Ræstingastjóri	Launaflokkur 10
Bókavörður	Launaflokkur 10
Umsjónarmaður í Iðu	Launaflokkur 11
Umsjónarmaður húseigna	Launaflokkur 12
Skólafulltrúi	Launaflokkur 12
Skrifstofustjóri	Launaflokkur 14

## 3. Viðbótarflokkar á grunnlaun

Þættir samkvæmt greinum 4, 5, 6 og 7 eru metnir, eftir því sem við á, til launahækkunar til viðbótar grunnlaunum, enda séu þeir ekki innifaldir í skilgreiningu á starfsheitum og röðun þeirra í launaflokka, sbr. grein 2.1.

## 4. Starfsreynsla

Starfsmaður sem hefur öðlast starfsreynslu hjá FSu eða í sambærilegu starfi og viðkomandi er ráðinn til skal hækka um launaflokka sem hér segir:

- 1 árs starfsreynsla; hækkun um einn launaflokk,
- 3 ára starfsreynsla; hækkun um einn launaflokk.
- 10 ára starfsreynsla; hækkun um einn launaflokk.

## 5. Starfsnám – símenntun

5.1. Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, og/eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka m.v. grunnröðun sem hér segir:

- einn launaflokk eftir samtals 60 kennslustundir,
- einn launaflokk til viðbótar eftir samtals 120 kennslustundir,
- einn launaflokk til viðbótar eftir samtals 200 kennslustundir.

## 6. Viðbótarmenntun

Ef starfsmaður hefur lokið viðurkenndu námi sem nýtist í starfi og ekki hefur verið tekið tillit til við grunnröðun getur hann fengið það metið til launahækkunar sem hér segir:

- einn launaflokk fyrir 1-2 ára nám,
- einn launaflokk fyrir 3 ára nám.

## 7. Starfstengdir og einstaklingstengdir þættir.

Ef starf krefst viðvarandi aukinnar ábyrgðar eða hæfni umfram skilgreiningu í starfsheiti er heimilt að taka tillit til þess við röðun starfsmanns í launaflokk. Sama gildir ef starfsmaður sýnir að jafnaði mjög góða framistöðu og hæfileika í starfi eða býr yfir sérstakri þekkingu umfram þær kröfur sem gerðar eru við ráðningu hans eða í starfslýsingu og sú þekking nýtist honum í starfinu. Heimilt er að hækka starfsmann um 1-4 launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið felur í sér flókin verkefni
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi

Leggja skal fram í samstarfsnefnd, ef þess er óskað, skrifleg rök þar sem kemur fram hvaða forsendna er verið að taka tillit til.

## 8. Annað.

Um meðferð ágreiningsmála og hlutverk samstarfsnefndar fer skv. kjarasamningi aðila. Reglur um greiðslur fatapeninga gilda frá 1. janúar 2007. Sjá fylgiskjal 1 frá 15.maí 2007.

## 9. Endurskoðun.

Endurskoðun á stofnanasamningi þessum skal fara fram fyrir 15. desember 2015 þó með fyrirvara um breytingar á miðlægum kjarasamningi.

Verði breytingar á starfsemi stofnunar, verkefnum hennar og/eða verkefnum einstakra starfsmanna skal gerð nauðsynleg endurskoðun á röðunarreglum samningsins eða eftir atvikum röðun starfsmanna.

## 10. Gildistími.

Samningur þessi gildir frá 1. september 2013. Samningurinn kemur í stað Stofnanasamnings FSu og FOSS frá 15. maí 2007 sem fellur úr gildi frá sama tíma.

Selfossi, 1. september 2013

F.h. Félags opinberra starfsmanna á  
Suðurlandi

F.h. Fjölbrautaskóla Suðurlands